

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

<i>Gjaldtegund</i>	<i>120 l tunna</i>	<i>240 l tunna</i>
Sorphreinsunargjald	27.200 kr.	27.200 kr.
Sorpeyðingargjald	22.300 kr.	34.800 kr.
Samtals	49.500 kr.	62.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

Pokagjald: Sérmerktir sorppokar	470 kr./stk.
Tunnugjald: Nýjar 120 l tunnur	10.300 kr./ílát
Nýjar 240 l tunnur	13.200 kr./ílát
Samsetningar- og útkeyrslugjald	1.700 kr./ílát

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

Sé tunnum fækkað og tunnu skilað er hún innleyst á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn:

Óflokkað	<i>Kr./kg m. vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i> Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggun	33
<i>Grófur úrgangur:</i> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler	32
Flokkað	<i>Kr./kg</i>
<i>Timbur:</i>	
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	20
Trjábolir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	12
Hey, trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit	7
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	8

<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	<i>Kr./kg</i>
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	15
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni	0
<i>Annað:</i>	<i>Kr./kg</i>
Smádýrahæ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr. við afgreiðslu)	21
Fljótandi úrgangur (seyra)	18
Húsdýraúrgangur	13
Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni	24

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Lágmarkskomugjald er 554 kr.

Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.109 kr./m³.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1285/2017 með síðari breytingum.

Selfossi, 12. desember 2018.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2019